

Selspik - Apríl

4. TBL. 22. ÁRG



Árshátíð Valhúsaskóla var haldin með pompi og prakt 29. mars

Það var mikið um dýrðir í Félagsheimilinu þegar árshátíð Selsins og Valhúsaskóla var haldin fimmtudaginn 29. mars síðastliðinn. Kynnar kvöldsins voru þau Klara Dögg og Valgeir Skagfjörð en þau kynntu þéttskipaða dagskrá kvöldsins þar sem formaður nemendaráðs Jórunn María flutti ávarp, hljómsveitin Olavsson tók nokkur lög, leiklistarklúbbur Selsins setti upp frábæra útfærslu af Rocky Horror og á leikstjórinn Þórhildur Sunna mikið lof skilið ásamt frábærum leikurum. En eftir að skemmti dagskrá lauk tók við dansleikur sem stóð langt fram eftir kvöldi. Það var hljómsveitin Fönix sem lék fyrir dansi og sá hún til þess að allir fóru vel sveittir heim.

Hér að neðan má sjá nokkrar myndir af ballinu.



Dagskrá í apríl

- 13. apríl - Páskabingó
- 17. apríl - Útivistarklúbbur
- 17. apríl - Stelpukvöld 8. bekkur
- 20. apríl - Útivistarklúbbur
- 24. apríl - Undanúrslit MORGRON Való - Hólabrekkuskóli
- 26. apríl - Rósaball
- 27.- 29. apríl - Hjólaferð félagsmálafræðinnar

Útivistarklúbbur Selsins

Útivistarklúbbur Selsins er samstarfsverkefni við tvo finnska nema sem heita Mirjami og Anna. Í klúbbnum verður meðal annars farið í frispý golf, klifurvegg, hjólaferð ásamt mörgu fleira. Ef þú eða þínir vinir hafa áhuga á að ganga í liðs við klúbbinn endilega hafið samband við starfsfólk Selsins.



Brandarar mánaðarins

- Hefuru heyrð um KR-inginn sem keypti sér sjóskíði?
- Nú leitar hann út um allt að sjóbrekku!
- Oj, hvað grænmeti er vont á bragðið!
- Þvoðir þú það ekki?
- Jú, tvisvar sinnum með sápu!

Rósaballið

Rósaballið verður haldið 26. apríl og hvílir þó nokkul leynd yfir skemmtikröftunum sem munu stíga á stökk en hvetjum við alla til að fylgjast vel með. Það hefur verið áralöng hefð fyrir því að halda Rósaball á Seltjarnarnesi en það er ballið sem allir mæta og fagna því hvað við eigum marga góða vini sem eru með okkur í skólanum!